

Til sjávar

1. tbl 1. árg. september 1997

Siglingamálastofnun og Vita- og hafnamálastofnun sameinuðust 1. október 1996

„Lögmálið um hagkvæmni stærðarinnar“

á við um markmiðið með sameiningunni segir Halldór Blöndal, samgönguráðherra.

Pann 1. október 1996 voru Siglingamálastofnun ríkisins og Vita- og hafnamálastofnun sameinaðar í nýrri stofnun, Siglingastofnun Íslands. Nú þegar tæpt ár er liðið frá sameiningu voru nokkrar spurningar lagðar fyrir Halldór Blöndal samgönguráðherra þar sem hann var inntur effir því hverjar væntingar hans væru til stofnunarinnar og hver hann teldi vera mikilvægustu verkefni hennar.

Aukin erlend samskipti

Sp: Hvert var markmiðið með sameiningunni? „Á síðustu árum hafa erlend samskipti orðið æ ríkari þáttur í starfsemi allra þeirra stofnana sem heyra undir samgönguráðuneytið. Ég er ekki í vafa um að Siglingastofnun Íslands veldur því hlutverki vel vegna stærðar sinnar. Siglingamálastofnun og Vita- og hafnamálastofnun stóðu sig vel en ég tel að lögmálið um hagkvæmni stærðarinnar eigi hér við eins og markmið Siglingastofnunar Íslands er skilgreint. Hún býr yfir mikilli innri þekkingu og reynslu sem mikilvægt er að hægt sé að nýta og ávaxta í framtíðinni.“



Sp: Hverjar eru væntingar þínar til Siglingastofnunar? „Að hún standi undir þeim kröfum sem til hennar eru gerðar og helst svolítið betur og að Siglingastofnun sé og verði góður vinnustaður þannig að því fólki líði vel sem þar vinnur. Það er forsendan fyrir því að vel gangi.“

Traustur grunnur

Sp: Hver eru mikilvægustu framtíðarverkefni í þeim málaflokkum sem falla undir starfsemi Siglingastofnunar? „Siglingamálastofnun hefur á undanförunum árum og áratugum haft forystu um það að við Íslendingar stöndum í röð fremstu þjóða í kröfum um öryggi á hafinu. Það skulum við hafa að leiðarljósi í framtíðinni.“

Í Vita- og hafnamálastofnun hefur verið unnið merkilegt rannsókn- og þróunarstarf sem vakið hefur athygli hér á landi sem erlendis. Þess vegna nýtur stofnunin trausts meðal viðskiptavina sinna og hefur góða undirstöðu til að standa á í framtíðinni.“

Ýtt úr vör

Hér með hefur göngu sína nýtt fréttabréf Siglingastofnunar Íslands - Til sjávar. Ætlunin er að það komi út fjórum til sex sinnum á ári og að þar verði fjallað um þau verkefni sem efst eru á baugi hjá stofnuninni hverju sinni.

Verkefni stofnunarinnar lúta fyrst og fremst að öryggismálum sjófarenda og því, að skapa hagkvæmar og öruggar aðstæður til siglinga og fiskveiða við landið. Stærstu verkefnaflokkarnir eru eftirlit með skipum og búnaði þeirra, skráning skipa, rannsóknir og áætlanagerð á sviði hafnamála, umsjón með hafnarframkvæmdum er ríkissjóður greiðir að hluta og rekstur vita og leiðsögukerfa.

Siglingastofnun er langt frá því að vera fullmótuð enda einungis tæplega eins árs gömul og því vart farin að standa í fæturna. Starfsemin stendur þó á gömlum og traustum merg, því flestir starfsmennirnir komu frá Siglingamálastofnun og Vita- og hafnamálastofnun, er lagðar voru niður um leið og nýja stofnunin varð til.

Við gerum okkur grein fyrir að stofnuninni er ætlað það hlutverk að þjónusta sjófarendur og útgerðir. Í þeim tilgangi var stofnunin sett á laggirnar. Til að sinna hlutverkinu sem best er nauðsynlegt að viðskiptavinir okkar eigi sem greiðastan aðgang að öllum upplýsingum, er starfsemin varða, og er ætlun okkar að nýta fréttabréfið til þess. Jafnframt er það von okkar

að fréttabréfið virki sem kveikja að umræðum og skoðanaskiptum um málefni stofnunarinnar og hjálpi okkur þannig að móta starfsemi hennar til samræmis við óskir og vilja viðskiptavinanna.

Með ósk um að þetta nýja fréttabréf megi verða til þess að bæta samskipti Siglingastofnunar við viðskiptavini sína og auka skilning á verkefnum okkar.

Hermann Guðjónsson, forstjóri.

Stækkun Hafnarfjarðarhafnar

Rannsóknir eru hafnar á stækkun Hafnarfjarðarhafnar í líkanstöð Siglingastofnunar. Kanna á möguleika á að byggja nýja viðlegukanta og skapa aðstöðu fyrir flotkví utan við Suðurgarð. Lokið var við uppsetningu líkansins, sem er í mælikvarðanum 1:60, í lok ágúst. Við rannsóknirnar verður leitast við að finna hagkvæmustu heildarlausnina fyrir kyrrð og legu á mannvirkjum. Í þessu skyni verður skoðuð lengd og lega brimvarnargarða utan við fyrirhuguð mannvirki. Unnið verður að þessum rannsóknum næstu mánuði.

Líkanstöðin gegnir mjög mikilvægu hlutverki í rannsóknum stofnunarinnar á hafnarmannvirkjum. Fjöldi líkana hefur verið settur upp í gegnum árin. Af nýrri verkefnum má nefna Hornafjarðarós og innsiglinguna til Grindavíkur. Árangur af þeim rannsóknum er ótvíræður og hefur t.d. skilað sér í auknu öryggi fyrir sjófarendur við Hornafjarðarós. Einnig er nú unnið að dýpkun innsiglingarinnar til Grindavíkur og er það gert á grundvelli rannsókna sem fóru fram í líkanstöðinni.



Hafnarríkiseftirlit á Internetinu

Í tilefni af því að 15 ár liðin frá því að hið svokallaða Parísar-samkomulag um hafnarríkiseftirlit (Paris MOU) var undirritað hefur verið sett upp heimasíða á Internetinu með ýmsum fróðleik um Paris MOU. Slóðin er: <http://www.parismou.org> - Þarna er m.a. að finna ársskýrslu síðasta árs en í henni kemur fram að fjöldi skipa sem hafa verið sett í farbann hefur ekki verið minni frá 1988.

Nýtt veffang

Athygli er vakin á því að Siglingastofnun er komin með nýtt veffang/slóð á Internetinu. Nýja slóðin er <http://www.sigling.is/> og kemur í stað <http://www.vh.is>

Alþingi samþykkir hafnaáætlun í fyrsta sinn

Þau tímamót urðu í vor á Alþingi að þingsályktun um hafnaáætlun hlaut í fyrsta skipti formlega afgreiðslu. Vita- og hafnamálastofnun hefur lögum skv. samið hafnaáætlun á tveggja ára fresti en hún hefur ekki hlotið afgreiðslu hjá Alþingi fyrr en nú.

Ríkisframlag í lágmarki í ár

Samkvæmt upplýsingum Jóns Levís Hilmarssonar, forstöðumanns tæknisviðs Siglingastofnunar, hefur verið framkvæmt fyrir 1.000 til 1.200 m.kr. í ríkisstyrktum

hafnarframkvæmdum síðastliðin ár. Þar af hefur hlutur ríkissjóðs numið um 70% eða í kringum 700-800 m.kr. Fjárveitingar hafa þó ekki náð þeirri fjárhæð, þ.e. skuld ríkissjóðs við hafnarsjóði hefur aukist. Í hafnaáætlun fyrir 1997-2000 er framlag til nýrra verkefna nokkru minna en verið hefur þar sem hluti fjármagnsins fer í að greiða niður skuldir við sveitarfélögin. Framlagið í ár er í lágmarki eða 567 m.kr. Árið 1998 hækkar það í 667 m.kr. og áætlun næstu tveggja ára þar á eftir gerir ráð fyrir 693 m.kr. fyrir hvort ár.

Að sögn Jóns Levís er stærsta verkefnið í ár, sem nýtur ríkisstyrkjar, dýpkun innsiglingarinnar til Grindavíkur. Önnur stór verkefni á næstu árum eru í Sundahöfn á Ísafirði og bygging brimvarnargarða á Þórshöfn og Húsavík. „Áherslan er að færast yfir á hafnir þar sem uppsjávarfiskur, síld og loðna, er unninn, t.d. víða á Austfjörðum og á Suðurlandi. Þar er t.d. um að ræða endurnýjun á stálþiljum í Vestmannaeyjum, Eskifirði og Hornafirði“, sagði Jón.

Hafnaáætlun fær aukið vægi

Samþykkt Alþingis á hafnaáætlun nú er mjög mikilvæg að mati Jóns. Það gefur henni aukið vægi og gerir vinnuna markvissari. Ekki er við því að búast að hafnaáætlun taki miklum breytingum á þessu tímabili. „Ef bæta á nýjum verkefnum inn á hafnaáætlun þarf samþykki Alþingis.“, sagði Jón Leví.

Endurskoðun hafnaáætlunar hefst strax næsta vetur og verða þá gerð drög að hafnaáætlun fyrir árin 1999-2002.

Verðlaun á sjómannadaginn

Sérstök viðurkenning til eigenda og áhafna skipa var veitt í níunda sinn á sjómannadaginn, 1. júní sl. Siglingastofnun Íslands veitir þessa viðurkenningu nú í fyrsta sinn en áður hafði Siglingamálastofnun ríkisins sinnt því hlutverki. Viðurkenningin er fyrir framkvæmd á öryggisreglum og góða umhirðu skipa á undanförunum árum. Hún á að vera hvatning fyrir áhöfn og eigendur skipa að halda þessum málum í sem bestu horfi.

Eftirfarandi skip hlutu viðurkenningu árið 1997 (skipaskrárnúmer, nafn og einkennisstafir):

1509	Ásbjörn	RE 050
2044	Baldur	-
1143	Gestur	SU 159
1610	Ísleifur	VE 63
0363	Ósk	KE 005
1019	Sigurborg	HU 100
1291	Sæþór	EA 101

Upplýsingar um veður og sjólag


Hjá Siglingastofnun er hægt að nálgast upplýsingar um veður og sjólag á öllum tímum sólarhringsins. Í síma 902-1000 geta sjófarendur og aðrir fengið upplýsingar frá veðurstöðvum í vitum og höfnum og frá úthafsölduflum. Þessi þjónusta hefur verið mikið notuð frá því hún komst í gagn á síðasta ári, ekki síst af sjómönnum en þessar upplýsingar auka öryggi sjófarenda og auðvelda sjósókn. Markmiðið er að veita sambærilega þjónustu fyrir sjófarendur og stjórnendur flugvéla geta fengið um veður og aðstæður til flugs.

Upplýsingar á öllum tímum

Veðurathugunarstöðvar hafa verið settar upp á 19 stöðum á landinu í samvinnu við Veðurstofu Íslands og mælar til að fylgjast með sjávarföllum. Upplýsingar berast á klukkustundarfresti og birtast á tölvuskjá sem auðvelt er að lesa af. Símsvari er síðan tengdur við tölvurnar sem geyma gögnin og þegar hringt er í 902-1000 fást upplýsingar um veður og sjólag allt í kringum landið. Eins og myndin hér til hliðar sýnir geta notendur valið á milli

fjögurra landsvæða og innan hvers landsvæðis eru nokkrar veðurstöðvar.

Alls eru 19 veðurstöðvar tengdar símsvara stofnunarinnar og munu fimm til viðbótar bæstast við á næstunni. Úti fyrir ströndum landsins eru 7 öldudúfl, við Garðskaga, Straumnes, Grímseyjarsund, Hornafjörð, Vestmannaeyjar, Grindavík og Kögur. Frekari upplýsingar um þessa þjónustu er m.a. að finna á heimasíðu Siglingastofnunar.



Skipaskoðun Siglingastofnunar

Skoðun fer fram á 6 stöðum á landinu

Skipaskoðunarsvið Siglingastofnunar annast eftirlit með nýsmíði og innflutningi skipa og almennt eftirlit með skipum. Einnig sinnir skipaskoðunarsvið alþjóðlegu hafnarríkiseftirliti, sem er mjög vaxandi þáttur í starfseminni.

Sex umdæmi

Landinu er skipt upp í 6 umdæmi. Eitt umdæmi er með aðsetur í höfuðstöðvum Siglingastofnunar í Kópavogi. Hin eru staðsett hringinn í kringum landið, í Ólafsvík, á Ísafirði, á Akureyri, á Fáskrúðsfirði og í Vestmannaeyjum.

Í eftirliti með skipum felst m.a. að yfirfara smíðateikningar og öryggis-teikningar vegna nýsmíði og breytinga á skipum, athuga stöðugleikautreikninga, taka ákvörðun um hallaprófanir vegna breytinga á skipum og annast hleðslumerkjaútreikninga. Að auki annast skipaskoðunarsvið ýmsar rannsóknir t.d. á rafsuðu með röntgenmyndatöku, hljóðbylgju- og þykktarmælingar og hávaða- og titringsmælingar.

Siglingastofnun hefur eftirlit með öllum íslenskum skipum sem eru sex metrar að lengd eða lengri. Tegundir skoðana eru þrenns konar; aðalskoðun, aukaskoðun og skyndiskoðun.



Hafnarríkiseftirlit

Siglingastofnun annast eftirlit með siglingum erlendra kaupskipa sem hafa viðkomu í íslenskum höfnum. Er það gert í samræmi við skuldbindingar siglingamálayfirvalda í aðildarríkjum EES og kennt er við Parísarsamkomulagið um hafnarríkiseftirlit. Markmiðið með þessu eftirliti er fyrst og fremst að draga verulega úr siglingum undirmálsskipa.

Siglingastofnun er gert skv. reglugerð um hafnarríkiseftirlit nr. 128/1997 að skoða eitt af hverjum fjórum skipum sem koma til hafnar á ári hverju. Mikil aukning hefur verið í skipakomum erlendra skipa og eru á bilinu 800-900 skip að koma til hafnar á ári hverju. Það eru því rúmlega 200 skip sem stofnuninni er gert að skoða árlega. Til gamans má geta þess að starfsmenn Siglingastofnunar skoðuðu Elísabetu drottningu II (Queen Elizabeth II) er hún kom til landsins í sumar. Engar athugasemdir voru gerðar við þá skoðun.

Lög og reglugerðir

Hér á eftir fer listi yfir helstu ný lög, reglugerðir, auglýsingar og gjaldskrár, sem varða starfsemi Siglingastofnunar, frá janúar 1996 til ágúst 1997.

Lög

Lög nr. 6/1996 um Siglingastofnun Íslands.

Lög nr. 7/1996 um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar Vitastofnunar Íslands, Hafnamálastofnunar ríkisins og Siglingamálastofnunar ríkisins í Siglingastofnun Íslands.

Lög nr. 31/1996 um köfun.

Lög nr. 61/1996 um breytingu á lögum nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar.

Lög nr. 28/1997 um sjóvarnir.

Lög nr. 30/1997 um breytingu á lögum nr. 112/1984 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Lög nr. 38/1997 um breytingu á lögum nr. 6/1996 um Siglingastofnun Íslands.

Lög nr. 39/1997 um breytingu á lögum nr. 115/1985 um skráningu skipa.

Lög nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Lög nr. 82/1997 um breytingu á lögum nr. 113/1984 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.

Reglugerðir

Rg. nr. 118/1996 um atvinnuskírteini skipstjórnar- og vélstjórnarmanna.

Rg. nr. 232/1996 um hafnamál.

Rg. nr. 269/1996 um áhafnir íslenskra kaupskipa.

Rg. nr. 299/1996 um breytingu á rg. nr. 174/1991 um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Rg. nr. 394/1996 um breytingu á mengunarvarnarrg. nr. 48/1994.

Reglur nr. 496/1996 um efnanotkun á vinnustöðum.

Reglur nr. 498/1996 um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum.

Reglur nr. 661/1996 um smíði báta styttri en 6 metrar.

Rg. nr. 26/1997 um breytingu á mengunarvarnarrg. nr. 48/1994.

Rg. nr. 128/1997 um hafnarríkiseftirlit.

Rg. nr. 153/1997 um gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl.

Rg. nr. 168/1997 um skemmtibáta.

Hafnarrg. nr. 335/1997 fyrir Dalabyggð.

Hafnarrg. nr. 336/1997 fyrir Vesturbyggð.

Reglur nr. 337/1997 um breytingu á reglum nr. 189/1994 um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa.

Rg. nr. 384/1997 um breytingu á rg. nr. 533/1993 um kæli- og varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum.

Rg. 430/1997 um varnir gegn sorpmengun frá skipum.

Rg. nr. 439/1997 um breytingu á rg. nr. 128/1997 um hafnarríkiseftirlit.

Auglýsingar og gjaldskrár

Augl. nr. 18/1996 um frestun á gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningar-búnað gúmmibjörgunarbáta.

Augl. nr. 51/1996 um gildistöku EES-reglugerða um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna.

Augl. nr. 330/1996 um gildistöku ákvæða er leiða af samningum um Evrópska efnahagssvæðið vegna flutninga á sjó.

Augl. nr. 359/1996 um frestun á gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmibjörgunarbáta.

Augl. nr. 574/1996 um gildistöku ákvæða er leiða af samningum um Evrópska efnahagssvæðið vegna flutninga á sjó.

Augl. nr. 587/1996 um heimild til innflutnings á vetnisklórlúorkolefnum (HCFC) á árinu 1997.

Gjaldskrá nr. 648/1996 vegna eftirlits og vinnslu starfsleyfa og vegna þjónustu á sviði mengunarvarna.

Augl. nr. 705/1996 um frestun á gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmibjörgunarbáta.

Gjaldskrá nr. 143/1997 fyrir eftirlit með köfunarbúnaði og aðra þjónustu varðandi köfunarmál.

Gjaldskrá nr. 147/1997 fyrir hafnir.

Vita-, hafna- og siglingamál undir einni stjórn


Siglingastofnun Íslands varð formlega til 1. október 1996 með samruna Siglingamálastofnunar ríkisins og Vita- og hafnamálastofnunar.

Þjónustustofnun á sviði öryggismála

Hin nýja Siglingastofnun er fyrst og fremst þjónustustofnun á sviði öryggismála og skipulagning hennar er í samræmi við það.

Höfuðstöðvar Siglingastofnunar eru í Vesturvör í Kópavogi, þar sem Vita- og hafnamál voru áður til húsa. Um 65 starfsmenn vinna í höfuðstöðvunum en auk þeirra eru starfandi 8 fastráðnir vitaverðir og 7 skipaskoðunarmenn á landsbyggðinni: Vestmannaeyjum, Ólafsvík, Ísafirði, Akureyri og á Fáskrúðsfirði. Starfsemi stofnunarinnar er skipt niður í fjögur meginsvið; stjórnsýslu-, tækni, rekstrar- og skipaskoðunarsvið.

Starfsemi Siglingamálastofnunar og Vita- og hafnamála var nátengd þar sem báðar stofnanirnar fengust við verkefni tengd siglingum, skipaflotanum og öryggi sjófarenda. Með sameiningu þeirra verður framkvæmd samgöngumála á sjó í umsjón einnar stofnunar. Ljóst er að sameinuð stofnun hefur meira bolmagn til að hafa í þjónustu sinni þá sérhæfðu starfsmenn sem þörf er á hverju sinni og stuðlar að betra upplýsingastreymi ásamt bættri nýtingu mannafla og aðstöðu.



Verkefni Siglingastofnunar

Verkefni Siglingastofnunar skv. lögum eru eftirfarandi:

1. Að annast þátt ríkisins í framkvæmd hafnalaga.
2. Að hafa umsjón með ríkisstyrktum framkvæmdum við sjóvarnargarða og lendingarbætur.
3. Að annast framkvæmd laga um eftirlit með skipum, laga um mælingu skipa og laga um skráningu skipa.
4. Að annast framkvæmd laga um vitamál, laga um leiðsögu skipa og laga um kafarastörf.
5. Að annast mál er varða lög og varnir gegn mengun sjávar og reglugerðir samkvæmt þeim, að því leyti sem þau varða skip og búnað þeirra samkvæmt reglum sem umhverfisráðherra setur.
6. Að annast samstarf við alþjóðastofnanir og framkvæmd alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að og varða siglinga-, hafna- og vitamál.
7. Að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um mál sem eru í verkahring stofnunarinnar.

Tvær viðurkenningar á fimm árum

Umhverfisráð Kópavogs veitti nýverið Siglingastofnun verðlaun fyrir „Athyglivert framlag til umhverfismála“. Var viðurkenningin veitt fyrir endurgerð á nausti við Fossvog, Vesturvör í Kópavogi. Í umsögn ráðsins segir: „Bátanaustið og vörin hafa verið vel gerð upp og einnig er frágangur á umhverfinu til fyrirmyndar. Svæðið við naustið er fallegur og áhugaverður áningarstaður við útivistarsvæði og í framtíðinni fjölfarna gönguleið.“

Árið 1992 veitti umhverfisráð Kópavogs Vita- og hafnamálastofnun verðlaun fyrir frágang á athafnasvæði sínu við Vesturvör. Stofnunin hefur því tvívegis fengið verðlaun á síðustu fimm árum fyrir frágang á umhverfi sínu.

Merkileg saga

Árið 1938 fékk Guðni Jónsson úthlutað landi til ræktunar við Fossvog. Hann hóf þegar að gera vör við fjöruna og byggja bátaskýli - „naust“ - við vörina. Þarna stundaði Guðni trilluútgæði í fjölda ára. Í byrjun seinni heimsstyrjaldar byggði norski herinn skemmu og aðstöðu fyrir sjóflugvélar á landi austan við vörina sem setuliðið tók síðan við. Að stríðinu loknu yfirtók Vita- og hafnamálastjórn mannvirki á staðnum og hafði ýmsa aðstöðu á svæðinu. Það var síðan fyrir 7 árum sem stofnunin flutti alfarið á svæðið. Lóðin var stækkuð til vesturs árið 1990 og síðan hefur stofnunin séð um viðhald naustsins.

Á síðustu árum hefur stofnunin endurbyggt naustið frá grunni. Vörin hefur verið lagfærð og varnarveggir endurhlaðnir að hluta.

Í framtíðinni mun liggja fjölfarin gönguleið um þetta svæði sem tengir saman Garðabæ, Reykjavík og Kópavog.

Útboð Siglingastofnunar

Stærsta verkið í Grundartangahöfn

Frá ársbyrjun hafa verið boðin út 27 verkefni á sviði hafnargerðar og sjóvarna á vegum Siglingastofnunar. Verkefni eru mjög mismunandi að stærð og umfangi, eða frá um 5 m.kr. til 230 m.kr. verkefna. Stærsta verkefnið sem boðið hefur verið út á þessu ári er stækkun Grundartangahafnar, en kostnaðaráætlun í því verki hljóðar upp á um 230 m.kr. Önnur stór verkefni sem hafa verið boðin út eru dýpkun innsiglingarinnar til Grindavíkur, brimvarnargarður á Húsavík og grjóttgarður og sjóvörn á Þórshöfn.

Niðurstöður útboða hjá Siglingastofnun er ávallt að finna á heimasíðu stofnunarinnar, <http://www.sigling.is>, skömmu eftir opnun tilboða. Hér að neðan eru birtar grunnupplýsingar um útboð á þessu ári. Almenna reglan er sú að samið er við lægstbjóðanda.

Dýpkun innsiglingarinnar til Grindavíkur

Dýpkun innsiglingarinnar til Grindavíkur er stærsta ríkisstyrkta verkefnið sem stofnunin hefur boðið út á þessu ári. Samið var við íslensk-færeyska fyrirtækið J&K Petersen verktaka ehf. Þeir áttu lægsta tilboð í verkið, sem þó var um 19% yfir kostnaðaráætlun Siglingastofnunar, sem hljóðaði upp á tæpar 132 m.kr. en tilboð J&K Petersen var upp á tæpar 157 m.kr. Verkið felst í því að dýpka innri hluta innsiglingarleiðarinnar til Grindavíkurhafnar í 7 metra á 15.000 m² svæði.

Stækkun Grundartangahafnar

Stærsta verkefnið sem stofnunin hefur boðið út á þessu ári er stækkun Grundartangahafnar. Þetta verkefni er ekki ríkisstyrkt og því alfarið fjármagnað af verkkaupa, þ.e. Grundartangahöfn. Kostnaðaráætlun stofnunarinnar var upp á rúmar 230 m.kr. Verkið felst m.a. í því að sprengja 75 m. langan skurð, reka niður 180 stálpilsplötur, fylla að með 200.000 m³ fyllingu og steypa tæplega 230 m. langan kant á þilið. Fjórir verktakar buðu í þetta verk. Samið var við Völ hf. sem átti lægsta tilboðið, rúmar 222 m.kr. eða um 96% af kostnaðaráætlun.

Dags.	Heiti útboðs	Kostn.áætl.	Lægsta tilboð	%	Verktaki m. lægsta tilboð	Fj. tilb.
04.2.1997	Blönduós - Sjóvarnir sunnan Blöndu	7.435.763	5.867.224	79%	Steypastöð Blönduós	4
13.2.1997	Bessastaðahreppur - Sjóvarnir	8.279.250	6.666.974	80%	Suðurverk hf.	4
12.3.1997	Skagaströnd - Grjótvörn og sjóvarmargarður	17.553.825	19.902.819	113%	Rögnvaldur Árnason	3
02.4.1997	Sauðárkrókur - Lenging sandfangara	0	15.438.000	0	Rögnvaldur Árnason	3
02.4.1997	Kokkálsvík - Endurbygging skjólgarðs	5.466.795	4.405.432	81%	Guðjón Jónsson Hvolsvelli	4
11.4.1997	Vogar - Viðgerð á	10.525.000	10.011.000	95%	Fl. Jónsson	1

	Norðurgarði					
14.4.1997	Grindavík - Dýpkun innsiglingar, 1. áfangi	131.795.000	156.770.000	119%	J&K Petersen Verktakar ehf.	3
15.4.1997	Ísafjörður - Raflagnir í bátahöfn	4.637.924	2.780.574	60%	Rafsjá, Bolungarvík	7
17.4.1997	Akureyri - Krossanes, þekja og lagnir	12.997.667	12.427.733	96%	Katla ehf.	4
29.4.1997	Vopnafjörður - Smábátaaðstaða og grjótvörn	18.448.541	16.905.232	92%	Stefán Gunnarsson, Djúpvaggi	6
20.5.1997	Seltjarnarnes - Sjóvarnir	9.708.199	7.867.000	81%	Borgarvirki og Bergbrot hf.	2
27.5.1997	Borgarfjörður eystri - Skarfaskersgarður	19.542.217	14.928.247	76%	Vélaleiga Sigga Þór ehf.	4
19.6.1997	Siglufjörður - Löndunarbryggja, þekja og lagnir	10.339.215	9.348.039	90%	Bás ehf. Siglufirði	3
24.6.1997	Hvammstangi - Norðurgarður, stálþil	21.707.198	15.223.611	70%	Byggingarfélagið Stapar ehf.	3
25.6.1997	Þórshöfn - Grjótagarður og sjóvörn	71.394.881	53.612.240	75%	Hjarðarnesbræður ehf.	9
26.6.1997	Þorlákshöfn - Skarfaskersbryggja, þekja og lagnir	24.921.949	18.755.205	75%	Heimir Guðmundsson	3
27.6.1997	Húsavík - Brimvarnargarður	172.109.945	116.573.134	68%	Rögnavalður Árnason	9
30.6.1997	Eskifjörður - Stálþil við Bræðslu	15.829.926	15.829.926	79%	Þ.H. Verktakar	5
02.7.1997	Vesturbyggð - Upptökubraut og grjóttverk	7.683.206	7.524.346	98%	Friðgeir V. Hjaltalín	3
10.7.1997	Akranes - Faxabryggja, þekja og lagnir	25.480.276	30.424.770	119%	Skóflan hf.	1
11.7.1997	Ólafsfjörður/Akureyri - Dýpkun í höfnum	30.813.750	41.956.500	136%	Hagtak hf.	1
14.7.1997	Vestmannaeyjar - Dýpkun innsiglingar	22.001.018	29.076.353	132%	J&K Petersen Verktakar ehf.	1
22.7.1997	Búðahreppur - Hafskipabryggja, þekja og lagnir	11.964.382	11.209.650	94%	Ó.S.	3
29.7.1997	Súðavík - Stækkun grjótagarðs	12.503.037	17.820.930	142%	Jón og Magnús ehf.	3
06.8.1997	Grundartangahöfn - Stálþil	230.526.317	222.229.388	96%	Völur hf.	4
25.8.1997	Tálknafjörður - Grjótagarður	6.082.448	4.449.691	73%	Friðgeir V. Hjaltalín	2
16.9.1997	Vestmannaeyjar - Friðarhafnarkantur, austurendi - stálþil	35.937.958	29.464.667	82%	Skipalyftan hf.	6

Garðskagaviti 100 ára

Aðsókn fram úr björtustu vonum

Sunnudaginn 17. ágúst sl. var haldið upp á 100 ára afmæli Garðskagavita. Siglingastofnun og Gerðahreppur stóðu sameiginlega að því að bjóða almenningi að koma og skoða vitana og Byggðasafn Gerðahrepps. Gefinn var út bæklingur af þessu tilefni um vitana og í honum er einnig umfjöllun um byggðasafnið. Talið er að um 600-700 manns hafi komið þennan dag út á Garðskaga í ágætu veðri. Slysavarnar-félagskonur buðu gestum upp á kaffi og meðlæti í vitavarðarhúsinu. Aðsókn var fram úr björtustu vonum aðstandenda.

Starfsmenn Siglingastofnunar eru nýlega búnir að gera upp eldri vitann. Einnig er búið að helluleggja göngustíga á svæðinu. Svæðið er því allt til fyrirmyndar og Garðskagavita sómi sýndur á aldarafmælinu.



Útgáfumál

Eftirfarandi skýrslur og rit hafa verið gefin út á þessu ári hjá Siglingastofnun.

Skrá yfir íslensk skip. Siglingastofnun Íslands - janúar 1997.

Skrá yfir opna vélbáta. Siglingastofnun Íslands - janúar 1997.

Skýrsla um stöðugleika íslenskra fiskiskipa. Siglingastofnun Íslands - febrúar 1997

Gísli Viggósson, Sigurður Sigurðarson, Baldur Bjartmarsson og Ingunn Jónsdóttir. **Grindavíkurhöfn. Innsigling. Rannsóknir og tillögur til úrbóta.** Skýrslur Siglinga-stofnunar Íslands, nr. 1 - maí 1997.

Dahle, E.A., Myrhaug, D. og Gísli Viggósson. **Information System on Waves and Stability of Small Fishing Vessels.** Skýrslur Siglingastofnunar Íslands, nr. 2 - júlí 1997.

Hafnaáætlun 1997-2000 ásamt skýrslum um hafnaframkvæmdir 1995 og 1996. Siglingastofnun Íslands - júní 1997.

Ýmis önnur eldri rit eru til hjá stofnuninni, gefin út af Vita- og hafnamálastofnun og Siglingamálastofnun, t.d.:

Sérrit Siglingamálastofnunar nr. 1: **Notkun gúmmíbjörgunarbáta.** Siglingamála-stofnun ríkisins - 1981.

Sérrit Siglingamálastofnunar nr. 2: **Lækningabók fyrir sjófarendur.** Siglingamálastofnun ríkisins - 1982.

Sérrit Siglingamálastofnunar nr. 4: **Kynning á stöðugleika fiskiskipa.** Siglingamálastofnun ríkisins - 1991.

Sérrit Siglingamálastofnunar nr. 5: **Eldur um borð.** Siglingamálastofnun ríkisins - 1990.

Hafnalýsing. Flokkun fiskihafna, staðalkröfur og ástandskönnun. 55 hafnir skoðaðar frá desember 1983 til september 1995. Vita- og hafnamálastofnun - september 1996.

Forstöðumenn Siglingastofnunar

Hermann Guðjónsson er forstjóri Siglingastofnunar. Hann er fæddur 17. okt. 1952 á Patreksfirði Hermann hafði áður gegnt stöðu vita- og hafnamálastjóra frá árinu 1986. Hann er með próf í byggingaverk-ræði frá H.Í. og M.Sc. próf frá DTH í Kaupmannahöfn. Hermann er kvæntur Berthu Sigríði Sigurðardóttur, framhaldsskólakennara, og eiga þau tvö börn.



Benedikt E. Guðmundsson gegnir stöðu ráðgjafa á sviði skipatækni. Benedikt er fæddur 23. sept. 1939 á Patreksfirði. Hann gegndi áður stöðu siglingamálastjóra hjá Siglingamálastofnun ríkisins. Benedikt er með M.Sc. próf í skipaverkfræði frá DTH í Kaupmannahöfn. Hann er kvæntur Sigurlaugu Jónsdóttur, röntgentækni, og eiga þau þrjú börn.



Gísli Viggósson er forstöðumaður rannsókna og þróunar hjá Siglingastofnun. Hann er fæddur 3. maí 1943 í Reykjavík. Gísli er með M.Sc. próf í byggingaverkfræði frá NTH í Brándheimi í Noregi. Hann var áður forstöðumaður rannsóknadeildar Vita- og hafnamálastofnunar frá 1986. Gísli er kvæntur Kristínu Guðmundsdóttur, skrifstofumanni, og eiga þau 3 börn.



Jón Leví Hilmarsson er forstöðumaður tæknisviðs. Hann er fæddur 3. okt. 1953 á Litlalandi, Mosfellshr. í Kjós. Jón starfaði áður hjá Vita- og hafnamálastofnun sem forstöðumaður tæknisviðs frá árinu 1987. Hann er með próf í vélaverkfræði frá HÍ og M.Sc. próf í vélaverkfræði frá Stanford University. Jón er kvæntur Elísabetu Láru Þorsteinsdóttur, jarðfræðingi, og eiga þau 3 börn.



Tómas Sigurðsson er forstöðumaður rekstrarsviðs. Hann er fæddur 29. apr. 1932 á Sauðárkróki. Tómas gegndi áður starfi forstöðumanns Vitastofnunar. Tómas hóf störf hjá stofnuninni í sumurvinnu árið 1944 og hefur helgað alla sína starfsævi vitamálum. Hann er með meistararéttindi í vélsmíði. Tómas er kvæntur Sigrúnu Sigurbergsdóttur, kennara, og eiga þau eitt barn.



Hallgrímur Ásgeirsson er forstöðumaður stjórnsýslusviðs. Hann er fæddur 3. jan. 1962. Hallgrímur starfaði áður sem lögmaður hjá Búnaðarbanka Íslands. Hallgrímur útskrifaðist úr lögfræði árið 1993 og varð hdl. árið 1994. Hann er kvæntur Marion Wiechert, framhaldsskólakennara, og eiga þau tvö börn.



Guðmundur Guðmundsson kom til starfa í febrúar 1997 og gegnir hann starfi forstöðumanns skipaskoðunarsviðs. Hann er fæddur 7. nóv. 1962 í Reykjavík. Guðmundur er með meistararéttindi í stálskipasmíði og M.Sc. í vélaverkfræði frá Álaborgarháskóla í Danmörku. Hann starfaði áður hjá Bifreiðaskoðun Íslands sem aðstoðarrekstrarstjóri. Guðmundur er kvæntur Þórunni Stefánsdóttur, hjúkrunarfræðingi, og eiga þau tvö börn.



Hafnasambandsþing

Dagana 9. - 10. október nk. verður haldinn 28. ársfundur Hafnasambands sveitarfélaga að Hótel Sögu í Reykjavík. Aðalframsögumenn verða Gísli Gíslason, bæjarstjóri á Akranesi og Einar K. Guðfinnsson, formaður samgöngunefndar Alþingis.

Upplýsingaskilti við Reykjanesvita

Siglingastofnun hefur sett upp upplýsingaskilti við Valahnjúk á Reykjanesi. Þar var fyrsti vitinn við Íslandsstrendur byggður, Reykjanesviti, árið 1878. Á skiltinu eru upplýsingar um sögu vitans á fimm tungumálum: íslensku, ensku, dönsku, þýsku og frönsku. Gamli Reykjanesvitinn var endurnýjaður árið 1897 en hann hafði orðið fyrir skemmdum í jarðskjálftum. Vitinn stóð fram við sjávarbrún, þar sem bjargið stendur þverhnipt. „Nýi“ Reykjanesvitinn var byggður á árunum 1907-1908 á Bæjarfelli. Hann er mun stærri en sá gamli var og er 73 m. yfir sjávarmáli.